

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS NR. 1608/2003/EB

2008/EES/10/27

frá 22. júlí 2003

um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um vísindi og tækni (*)

EVROÞUPINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þörf er á samanburðarhæfum hagskýrslum um rannsóknir og þróun, tækninýjungar og vísindi og tækni almennt til stuðnings stefnu Bandalagsins.
- 2) Í ákvörðun ráðsins 94/78/EB, KBE, frá 24. janúar 1994 um að koma á áætlun til margra ára um þróun hagskýrslna Bandalagsins um rannsóknir, þróun og nýjungar ⁽³⁾, er lögð áhersla á þau markmið að setja fram sameiginlegan viðmiðunarramma fyrir hagskýrslur Bandalagsins og að koma á fót samhæfðu hagskýrsluupplýsingakerfi á þessu sviði í Bandalaginu.
- 3) Í lokaskýrslunni fyrir áætlunartímabilið 1994 til 1997 er lögð áhersla á að halda skuli verkinu áfram, gögn skulu gerð aðgengileg með skjótari hætti, svæðisumfang skuli aukið og að sambærileiki gagnanna skuli aukinn.
- 4) Í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/126/EB frá 22. desember 1998 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 1998 til 2002 ⁽⁴⁾ skal hagskýrsluupplýsingakerfið styðja stjórnun vísinda- og tæknistefnu í Bandalaginu ásamt mati á rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunargetu svæða með tilliti til umsýslu þróunarsjóða.

- 5) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽⁵⁾ skulu meginreglur um óhlutdrægni, áreiðanleika, mikilvægi, kostnaðarhagkvæmni, trúnaðarkvaðir og gagnsæi gilda um þessar hagskýrslur.

- 6) Í því skyni að tryggja gagnsemi og samanburðarhæfi gagnanna og koma í veg fyrir tvíverknað skal Bandalagið taka mið af þeirri vinnu sem fram fer í samvinnu við eða á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða annarra alþjóðastofnana í tengslum við hagskýrslur um vísindi og tækni, einkum að því er varðar nákvæmni upplýsinga í gögnum sem aðildarríkin skulu leggja fram.

- 7) Í stefnu Bandalagsins varðandi vísindi, tækni og nýjungar er lögð sérstök áhersla á að efla vísinda- og tæknigrundvöll evrópskra fyrirtækja til að gera þeim kleift að stunda meiri nýsköpun og vera samkeppnishæfari á alþjóðlegum og svæðisbundnum vettvangi, að nýta kosti upplýsingasamfélagsins og stuðla að miðlun tækni, að bæta starfsemi á sviði hugverkaréttinda og þróunar hreyfanleika mannauðs og stuðla að jafnrétti karla og kvenna í vísindum.

- 8) Meginreglurnar um kostnaðarhagkvæmni og mikilvægi skulu gilda um aðferðir við gagnasöfnun í atvinnulífinu og stjórnsýslu, að teknu tilliti til nauðsynlegra gæða gagnanna og fyrirhöfn svarenda.

- 9) Mikilvægt er að þróun opinberra hagskýrslna um vísindi og tækni sé samhæfð þannig að einnig sé tekið mið af þörfum innlendra yfirvalda, héraðs- og sveitarstjórna, alþjóðastofnana, atvinnurekenda, fagfélaga og almennings.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 230, 16.9.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 32, 23.6.2005, bls. 25.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 332 E, 27.2.2001, bls. 238.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 2. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. mars 2003 (Stjtið. ESB C 125 E, 27.5.2003, bls. 58) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 19. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 38, 9.2.1994, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 42, 16.6.1999, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

- 10) Til að koma í veg fyrir tvíverknað skal taka mið af ákvörðun ráðsins 1999/173/EB frá 25. janúar 1999 um samþykkt séráætlunar á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna um eflingu rannsóknargætu manna og félagsdagfræðilegs þekkingargrunns (1998 til 2002) ⁽¹⁾ og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1513/2002/EB frá 27. júní 2002 um sjöttu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna sem ætlað er að stuðla að sköpun evrópsks rannsóknasvæðis og nýsköpun (2002 til 2006) ⁽²⁾.
- 11) Taka skal mið af ályktun ráðsins frá 26. júní 2001 um vísindi og samfélag og um konur í vísindum ⁽³⁾, þar sem starfi Helsinki-hópsins er fagnað og aðildarríkin og framkvæmdastjórnin eru hvött til að stuðla að því að efla þátttöku kvenna í vísindum á innlendum vettvangi, einkum að því er varðar samantekt kyngreindra hagskýrslna um mannauð í vísindum og tækni ásamt þróun vísna, í því skyni að fylgjast með framförum í átt til jafnréttis karla og kvenna í evrópskum rannsóknum.
- 12) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁴⁾.
- 13) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina, sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE ⁽⁵⁾, í samræmi við 3. gr. fyrgreindra ákvörðunar.
- 14) Nefndin um vísinda- og tæknirannsóknir (CREST) hefur gefið álit sitt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari ákvörðun er að koma á hagskýrsluupplýsingakerfi Bandalagsins um vísindi, tækni og nýjungar til að styðja og vakta stefnu Bandalagsins.

2. gr.

Markmiðunum, sem lýst er í 1. gr., skal náð með beitingu eftirfarandi sérstökum hagskýrsluadgerðum:

- aðildarríkin afhenda hagskýrslur reglubundið og innan tiltekins frests, einkum hagskýrslur um rannsóknar- og þróunarstarfsemi í öllum atvinnugeirum og um fjármögnun rannsóknar- og þróunarstarfsemi, þ.m.t. opinberar fjárveitingar á fjárlögum til rannsókna og þróunar, að teknu tilliti til svæðisþátta með því að gera, þegar kostur er, hagskýrslur um vísindi og tækni sem byggjast á flokkun hagskýrslusvæða (NUTS),

- þróun nýrra tölfræðilegra breytna, sem skal gefa út að staðaldri og sem geta gefið ítarlegri upplýsingar um vísindi og tækni, einkum til að meta framlag vísinda- og tæknistarfsemi, miðlun þekkingar og ávinning af nýsköpun almennt. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að mynda og meta stefnu á sviði vísinda og rannsókna í hagkerfum sem grundvallast í vaxandi mæli á þekkingu. Bandalagið skal einkum veita eftirfarandi sviðum forgang:

- nýsköpun (innan og utan tæknisviðs),

- mannauður á sviði vísinda og tækni,

- einkaleyfi (hagskýrslur um einkaleyfi sem skal taka saman eftir gagnagrunnum innlendra einkaleyfastofa og Evrópsku einkaleyfastofunnar),

- hagskýrslur um hátækni (greining og flokkun á vörum og þjónustu, mat á efnahagslegum árangri og framlagi til hagvaxtar),

- kyngreindar hagskýrslur um vísindi og tækni,

- lagfæringar og uppfærsla á gildandi stöðlum og handbókum um hugtök og aðferðir, einkum með tilliti til hugtaka í þjónustugeiranum og samhæfðra aðferða til að meta rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Enn fremur mun Bandalagið efla samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og aðrar alþjóðastofnanir í því skyni að tryggja samanburðarhæfi gagna og koma í veg fyrir tvíverknað,

- umbætur á gæðum gagna, einkum samanburðarhæfi, nákvæmni og tímanleika,

- umbætur á miðlun, aðgengi og skráningu tölfræðilegra upplýsinga.

Tekið verður mið af þeim kostum, sem eru fyrir hendi innan aðildarríkjanna, að því er varðar gagnasöfnun og vinnslu gagna og þróun aðferða og breytna.

3. gr.

Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 89/382/EBE/KBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæði um 8. gr. hennar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 64, 12.3.1999, bls. 105.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 232, 29.8.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 199, 14.7.2001, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.